

Könnun um viðhorf sjúklinga til máltíðþjónustu Landspítala Júlí 2013

Sjúklingum á LSH finnst maturinn góður

Viðhorf sjúklinga til máltíðþjónustu Landspítala var kannað dagana 3. til 5. júlí 2013. Tilgangur könnunarinnar var að fá upplýsingar um viðhorf sjúklinga til máltíðþjónustu spítalans eins og hún er í dag og bera þær saman við niðurstöður fyrri könnunar. Þáttakendur voru 543 sjúklingar á flestum deildum spítalans og svörun var 39%.

Sambærileg könnun meðal sjúklinga var gerð 2009 og eru niðurstöður þeirra mjög líkar eins og sjá má á meðfylgjandi mynd. Á heildina litið finnst sjúklingum maturinn góður og þjónustan á deildinni í tengslum við máltíðir mjög góð. Sjúklingar hafa þó minni áhrif á hvaða máltíðir þeir fá miðað við síðustu könnun sem eru niðurstöður sem koma á óvart þar sem eldhús hefur tekið í notkun nýtt pantanakerfi sem gerir deildum kleift að bjóða sjúklingum að velja á milli matseðla í hverri máltíð. Sjúklingar telja matinn vera fjölbreyttan, hollan, henta veikindum sínum og telja hitastig, tímasetningu og skammtastærð vera viðeigandi. Morgunmatur er að fá bestu einkunn, síðdegishressing, fisk- og kjötréttir og eru að fá góða einkunn en grænmeti fær lægri einkunn. Eldri sjúklingar eru ánægðari með matinn en yngri. Ánægja með matinn er einnig tengd lengd dvalar og matarlyst. Eftir því sem matarlyst batnar eykst ánægja með matinn en ánægja minnkar heldur eftir því sem sjúklingar dvelja lengur á spítalanum. Maturinn er að fá bestu einkunn á Fossvogi og Landakoti, góða einkunn á Hringbraut en á Kleppi og Grensás eru sjúklingar að gefa matnum lægri einkunn.

Niðurstöður þessar verða nýttar til að bæta máltíðþjónustu við sjúklinga enn frekar. Það að bjóða sjúklingum að velja hvaða mat þeir vilja borða getur bætt næringarástand og líðan og ánægju sjúklinga og því viljum við skoða leiðir með það að markmiði með legudeildum.

Eldhús sendir kærar þakkir til allra starfsmanna LSH sem hjálpuðu við gerð þessarar könnunar. Til gamans fylgir eitt ljód sem við fengum sent með.


„Aðfinnslu ég enga finn,

ykkar vex því hróður.

Mér finnst hérna maturinn

mikill, bæði og góður.“

Samanburður 2009 & 2013



Á heildina litið, hvernig finnst þér maturinn á spítalanum?

